

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

170

16. okt.

um breyting á bráðabirgðareglugerð 30. sept. 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.

## 1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með innsíglun skal fylgja yfirlýsing (á ensku) þess, er innsiglaði, um hvernig innsiglið sé merkt, hvaða dag hafi verið innsiglað og á hvern hátt stöðin hafi verið gerð óstarfhæf undir innsíglinu. Yfirlýsing þessi skal færð inn í dagbók skipsins og undirrituð þar af þeim, er innsiglaði. Sá, sem leysir stöð úr innsíglun, skal undirrita yfirlýsingu (á ensku) í dagbók skipsins, þar sem tekið skal fram, hvaða dag innsiglið hafi verið rofið, hvernig það hafi verið merkt, svo og ástæðuna fyrir því, að senditækin eru leyst úr innsíglun.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 7. gr. bráðabirgðalaga um fjarskipti frá 5. júlí 1940, öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherra, 16. október 1940.*

Ólafur Thors.

*Guðmundur Hlíðdal.*

## AUGLÝSING

171

21. okt.

um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefir samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940 sett eftirfarandi ákvæði um hámarksálagningu á eftirgreindum reiðhjólahlutum:

Dekk, slöngur, sæti, stýri, pedalar, gjarðir, friðhjól, framná, bjöllur, bretti, luktir, lásar, handföng og keðjur.

Álagningin má ekki vera hærri en hér segir:

1. Í heildsölu .....	20 %
2. Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	35 %
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	55 %

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða allt að 10000 kr. sektum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 21. október 1940.*

Eysteinn Jónsson.

*Jón Guðmundsson.*